

FRÉTTATILKYNNING

15. september, 2020

Sænsk uppgötvun sem veldur byltingu í alþjóðlegum hóteliðnaði

Það ætti að vera forgangsatriði hjá öllum hótélum að bjóða gestum sínum upp á góðan nætursvefn. Sú þjónusta þarf að fela í sér þægilegt hótélrúm. Hingað til hefur verið erfitt að uppfylla þá kröfu þar sem allir gestir hafa eigin skoðun á þægindum. Þetta gæti þó breyst með nýju rúmi frá sænska fyrirtækinu YouBed sem er með dýnu sem hægt er að stilla eftir eigin óskum. YouBed vinnur með sænska viðskipta- og fjárfestingaráðinu Business Sweden til að kynna uppfinningu sína fyrir heiminum og bjóða hótelfélögum um allan heim upp á rúm sem hentar öllum.



Sænska fyrirtækið YouBed hefur fundið upp leið til að stilla stífleikann í vönduðum vasagormadýnum með einfaldri fjarstýringu án þess að það dragi nokkuð úr svefnþægindum. Boðið verður upp á slíka rúmlausn, sem hentar öllum, um allan heim í með einstöku rúmi sem telja má að valdi byltingu í hóteliðnaðinum. Hótel geta loksins boðið upp á það sem allir gestir eiga skilið: þægilegt hótélrúm og bestu mögulegu aðstæður fyrir góðan nætursvefn.

— Svefnþægindi, sem eru sérsniðin að hverjum og einum, er það sem vantar til að fullkomna þjónustu hótela. Við vonum að sem flestir líti á þetta sem frábært tækifæri til að bæta þægindi og samkeppnishæfni hótela sinna.

Það kæmi mér ekki óvart þó þessi nýja uppfinning valdi byltingu í hóteliðnaðinum og það er á okkar ábyrgð að styðja eins vel við þessa framþróun og við getum. Þess vegna höfum við eytt mörgum árum í að fullkomna svefnhugmyndina ásamt því að búa til innviðina og getuna til að svara alþjóðlegri eftirspurn, segir Mattias Sörensen, framkvæmdastjóri og stofnandi YouBed.

YouBed svefnhugmyndin verður sett á alþjóðlegan markað með einstakri samvinnu við Business Sweden og aðrar opinberar stofnanir. 44 nýjar YouBed skrifstofur - sem geta þjónustað öll markaðssvæði heimsins - eru nú þegar í samræðum við þau hótelfélög sem búist er við að taki vöruna fyrst í notkun í heiminum.

– YouBed ákvað snemma að nýta sér þá aðstoð sem við bjóðum upp á við að veita leiðandi fyrirtækjum flýtiaðgang að alþjóðlegum mörkuðum. Þar sem við höfum samvinnuna snemma gátum við sniðið þátttöku okkar að þessu langtíma viðskiptasambandi. Við erum afar stolt af því að vera hluti af nýju sænsku alþjóðlegu fyrirtæki og styðja við byltingarkennda nýsköpun á þann hátt sem hún á skilið, segir Fredrik Fexe yfirmaður við rekstrar- og viðskiptaþróunardeild Business Sweden.

YouBed er nú til staðar í öllum Mövenpick hótélum í Evrópu og í Scandinavian First hótélum og Scandic hótélum. YouBed svefnhugmyndin er í upphafi eingöngu fyrir hótélkeðjur þar sem öll hótél innan keðjunnar taka þátt. www.youbed.com

Til að fá nánari upplýsingar er hægt að hafa samband við:

Hr. Karl Arvidsson, skrifstofustjóri hjá YouBed Denmark & Iceland skrifstofan,
DenmarkIceland@youbedglobal.com, sími: +4525150827

Um YouBed

Sænska fyrirtækið YouBed hefur fundið upp og sótt um einkaleyfi á nýrri leið til að stilla stífleika í vandaðri vasagormadýnu. Stillingin fer fram fljótt og auðveldlega með fjarstýringu og án þess að hún hafi áhrif á bestu mögulegu þægindi fyrir rúm og svefn. Einnig er hægt að sérstilla mismunandi svæði dýnnar sjálfstætt (axlir og mjaðmir) til að hámarka svefnþægindi allra notenda, óháð hæð, þyngd, líkama eða uppáhaldssvefnstöðu. Niðurstaðan er fyrsta rúmið sem hægt er að sérstilla til að tryggja þægindi en slíkt opnar á mikil tækifæri og verðmætasköpun í iðnaði þar sem svefn og rúm skipta höfuðmáli.

Um Business Sweden, sænska viðskipta- og fjárfestingaráðið

Business Sweden, sænska viðskipta- og fjárfestingaráðið, hjálpar sænskum fyrirtækjum að auka sölu á alþjóðamarkaði og alþjóðlegum fyrirtækjum að fjárfesta og vaxa í Svíþjóð. Business Sweden hjálpar sænskum fyrirtækjum með því að styttu leiðina að mörkuðum, finna nýjar tekjuleiðir og draga úr áhættu. Einnig hjálpar það alþjóðlegum fyrirtækjum að finna ný viðskiptatækifæri, auka arðsemi auk þess að veita óhlutdræga aðstoð. Það hefur tengsl á öllum sviðum, býður stefnumótandi ráðgjöf og stuðning á 44 af helstu markaðssvæðum heimsins. Business Sweden er í sameiginlegri eigu ríkisins og viðskiptasamfélagsins.

**YOU
BED**



Um fyrirtækið

Stofnað:	2012
Tekjur/niðurstaða:	Engin sala þar sem vöruþróunarferli lauk árið 2018 til að skapa sem bestar aðstæður fyrir alþjóðlega markaðskynningu.
Stjórn:	Mattias Sörensen, framkvæmdastjóri og stofnandi Stefan Hyltenfeldt; tæknistjóri og stofnandi Lars Björklund; yfirmaður hugverkadeildar og fyrrum formaður sænsku einkaleyfisskrifstofunnar Olle Bergström; Opinber fulltrúi og rekstrarstjóri hjá Telia
Fjöldi skrifstofa:	44
Starfsfólk og skipulag:	Um það bil 250 (þ.m.t. ráðgjafar), þar af starfa 14 á aðalskrifstofunni í Stokkhólmi og hinir á 44 svæðisskrifstofum um allan heim.
Markaðssvæði:	Alþjóðlegt
Fjöldi eigenda:	109
Höfuðstóll:	6 milljón evrur

Nýsköpunin

- Sænska fyrirtækið YouBed hefur fundið upp og sótt um einkaleyfi á nýrri leið til að stilla stífleika í vandaðri vasagormadýnu og viðhalda um leið frábærum svefnþægindum allan tímann.
- Það er auðvelt að stilla alla dýnuna eða einstaka hluta hennar til að sérsníða hana að smekk hvers og eins. Stillingin er einföld og er gerð með fjarstýringu sem stýrir allri dýnunni.
- Stillanlega YouBed rúmið byggir á nýjustu tækni fyrir rúmgrindur. Með henni vinnur tvöfalt lag af pokagormumsjálftætt yfir alla rúmlengdina, fyrir betri þyngdarstjórnun og aðlögun að líkama notandans.
- Það er auðvelt að þjappa eða losa um pokagormakerfið með fjarstýringunni og gera dýnuna þannig stífari eða mýkri, án þess að glata neinum þægindum. Einnig er hægt að fínstilla ólík svæði rúmsins eins og axlir og mjaðmir, til að laga það fullkomlega að smekk hvers og eins.
- Fjarstýringin sýnir alltaf nákvæma stillingu svo að hver notandi hefur sína eigin þægindastillingu sem hann getur notað síðar.
- YouBed uppfyllir ólíkar þarfir, óháð hæð, þyngd, sköpulagi eða uppáhaldssvefnstöðu.



Vörupróun

Við nýttum okkur upplýsingar frá yfir 2000 seldum YouBed rúmum til að greina og mæla nákvæmlega áhrifin af því að skipta hefðbundnu rúmi út fyrir sérsniðið YouBed rúm. Niðurstöður fjölbreyttra rannsókna eru afar jákvæðar. Það kemur þó ekki á óvart því þær sýna fram á áhrifin af markaðssetningu aðalvöru iðnaðarins í fyrsta sinn.

- Yfirgripsmikil rannsókn NPS sýndi að fjöldi meðmælenda (hæsta ánægjustig notenda) jókst um 14%¹ þegar hefðbundnu rúmi var skipt út fyrir YouBed (yfirleitt teljast 3-5% vera góður árangur þegar kemur að aukinni ánægju viðskiptavina).
- Viðskiptavild jókst umtalsvert. Yfir 80% þeirra sem sváfu í herbergi með YouBed rúmi sögðust ætla að velja sömu herbergistegund í næsta skipti, samanborið við undir 20% hjá öðrum tegundum herbergja.
- Viðskiptavinir voru fúsari til að greiða hærra verð og herbergisverð hækkaði að meðaltali um 20 evrur² á hverja selda nótt.
- Fjöldi gesta jókst töluvert því auðvelt var að laða nýja gesti að hótelinu.
- Fjárfesting í YouBed rúmi borgar sig á 3 til 6 mánuðum en það þýðir að þú færð fjárfestinguna tvisvar til fjórum sinnum til baka á ári út líftíma vörunnar (16-32 sinnum eftir 8 ár).
- Öllum hótélkeðjum býðst að prófa og meta vöruna og áhrif hennar áður en kaupákvörðun er tekin.



¹ <https://www.loopon.com/blog/adjustable-beds-study>

² Meðaltal úr ýmsum rannsóknum á tekjum og ánægju viðskiptavina frá samstarfsaðilum okkar í vöruprófinni: Mövenpick Hotel & Resorts, First Hotels og Scandic Hotels.